

Nr. 003 / 09 Indriði Kristins BA 751**Strandar í Tálknafirði**

Skipaskr.nr. 2751
 Smíðaður: Hafnarfirði 2008 plast
 Stærð: 14,98 bt.
 Mesta lengd: 13,02 m Skráð lengd: 11,35 m
 Breidd: 3,75 m Dýpt: 1,39 m
 Vél: Doosan 265 kW, 2007
 Fjöldi skipverja: 4



Indriði Kristins©útgerð

Gögn:
 Gögn RNS


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. júní 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. janúar 2008 var Indriði Kristins BA 751 á siglingu til hafnar á Tálknafirði. Veður: Logn

Þegar komið var inn undir Suðureyri varð vakthafandi bátsverji var við að báturinn stefndi upp í eyrina. Hann reyndi að setja á fullt afl afturábak en þrátt fyrir það renndi báturinn upp í eyrina og stóð fastur í fjörunni (*sjá mynd úr STK kerfi*).



Ferilskráning úr STK kerfi og strandstaður

Þegar skipstjóri kom í stýrishúsið var ekki hægt að bakka þar sem skrúfan var föst. Hann kallaði því eftir aðstoð sem barst fljótt og þar sem komið var aðfall náðist Indriði Kristins BA á flot aftur án þess að leki kæmi að honum.

Við rannsókn kom fram:

- að samkvæmt ferilskráningu STK (Sjálfvirka tilkynningarskyldukerfisins) var stefnu breytt kl. 19:27 úr 126° í 118° en kl. 19:35 eða um 8 mín síðar strandaði báturinn á stað: 65°38.525N og 023°56.481V. Sigldur

meðalhraði á þessum tíma var um 10,3 hnútar en var 3,4 hnútar u.þ.b. 10 sek fyrir strandið. Stjórnandi bátsins kvaðst hafa reynt að stöðva ferð hans þegar hann sá hvað verða vildi ;

- að bátsverjinn sem var við stýrið kvaðst ekki hafa sofnað en það hafi verið myrkur og landið eins svart og myrkrið. Það hafi verið kveikt á ljóskastaranum því hann óttaðist að sigla á fiskeldiskvíar sem lagt hefur verið á fjörðinn. Hann taldi sig kunna lítillga á siglingtækin því honum hafði verið sagt til um þau en hann hafði ekki skipstjórnarréttindi og takmarkaða reynslu;
- að skipstjórinn sem var í koju á landleiðinni sagði að siglingatæki hafi verið í gangi en þau eru m.a. ratsjá, MacSea siglingatölva ásamt GPS staðsetningatæki og dýptarmælir en aðvörunabúnaður í þessum tækjum var ekki hafður virkur;
- að skipstjóri taldi að siglt hafi verið á fullri ferð þegar báturinn strandaði.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök strandsins vera aðgæsluleysi stjórnanda bátsins og það ámælisvert af skipstjóra að fela reynslulitlum skipverja stjórn hans.